


Nr.: VLR-049	02 Verklagsregla	
Útgáfa: 0.35		
Dags.:		
Höfundur: Ingibjörg Smáradóttir	VLR-049 Samningar um atvinnutengda starfsemi_DRÖG	
Ábyrgðaraðili: Magnús Guðmundsson		
Síða 1 af 10		

1. Tilgangur og gildissvið

Samkvæmt 1. mgr. 32. gr. reglugerðar um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 300/2020 er óheimilt að reka atvinnutengda starfsemi í þjóðgarðinum án samnings um slíka starfsemi við Vatnajökulsþjóðgarð, sbr. einnig 15. gr. a laga um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 60/2007.

Atvinnutengd starfsemi í Vatnajökulsþjóðgarði er skilgreind í reglugerðinni sem þjónusta sem aðrir en þjóðgarðurinn sjálfur bjóða gegn þóknun innan marka þjóðgarðsins. Hefðbundin landnýting innan þjóðgarðs og starfsemi henni tengd telst ekki atvinnutengd starfsemi. Í *viðauka* aftast í þessum reglum eru tilgreind dæmi um hvaða starfsemi fellur undir kröfu um samning við þjóðgarðinn og hvaða starfsemi er undanþegin.

Atvinnutengd starfsemi í Vatnajökulsþjóðgarði skiptist í eftirfarandi flokka:

- Starfsemi sem er þess eðlis að ekki er þörf á að setja sérstakar takmarkanir varðandi umfang eða fjölda rekstraraðila sem sinna sambærilegri starfsemi innan þjóðgarðsins eða einstakra svæða hans.
- Starfsemi sem er þess eðlis að þörf er á að takmarka umfang eða fjölda þeirra rekstraraðila sem sinna sambærilegri starfsemi innan þjóðgarðsins eða tiltekinn svæða hans.

Ef starfsemi þarfnast aðstöðu og/eða mannvirkja innan Vatnajökulsþjóðgarðs gildir verklagsregla nr.... (er í vinnslu) jafnframt um meðferð umsóknarinnar. Alla jafna skal samningur bæði ná til starfrækslu starfsemi og nýtingar aðstöðu/lands. Sérstakur lóðaleigusamningur skal þó gerður um leigu á lóðum innan Vatnajökulsþjóðgarðs sbr. verklagsregla nr. ...(er í vinnslu)


Tilgangur verklagsreglunnar er að upplýsa umsækjanda um þær kröfur sem gerðar eru til umsókna og umsóknargagna og hvaða kröfur þarf að uppfylla til að samningur verði gerður. Þá er jafnframt tilgangur verklagsreglunnar að kynna fyrir umsækjanda hvaða verklag er viðhaft við móttöku og meðferð umsókna innan stjórnsýslu Vatnajökulsþjóðgarðs.

2. Undirbúningur og stefnumótun

a. Markmið þjóðgarðs og kröfur laga

Markmið með stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs samkvæmt 2. gr. laga um þjóðgarðinn er að:

- Vernda náttúru svæðisins, svo sem landslag, lífríki, jarðmyndanir og menningarminjar.
- Gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru og sögu svæðisins.
- Stuðla að rannsóknum á svæðinu, fræða um það og ýta undir aukinn skilning almennings á gæðum og sérstöðu svæðisins.
- Leitast við að styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni þjóðgarðsins, m.a. með því að hvetja til sjálfbærrar nýtingar gæða svæðisins.

Nr.: VLR-049	02 Verklagsregla	
Útgáfa: 0.35		
Dags.:		
Höfundur: Ingibjörg Smáradóttir	VLR-049 Samningar um atvinnutengda starfsemi_DRÖG	
Ábyrgðaraðili: Magnús Guðmundsson		
Síða 2 af 10		

Framangreind markmið eru leiðarljós í öllu starfi þjóðgarðsins og stefnumótun, þ.á m. þegar gerðir eru samningar um atvinnutengda starfsemi í þjóðgarðinum. Frumskilyrði er ávallt að starfsemin samræmist þessum markmiðum.

Atvinnustarfsemin þarf einnig að vera starfrækt í samræmi við lög um Vatnajökulsþjóðgarð, reglugerð þjóðgarðsins og aðra löggjöf sem um viðkomandi starfsemi gildir, þ.m.t. lög um Ferðamálastofu nr. 96/2018 og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og reglugerðir sem settar eru samkvæmt þeim.

b. Þjónustusvæði

Svæðisráð og stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs hafa að jafnaði frumkvæði að því að skilgreina starfsemi og þjónustu á þjónustusvæðum¹ og þær takmarkanir sem þarf að setja, t.d. varðandi umfang og yfirbragð mannvirkja, umgengni, umferð og aðgengi. Þessi stefnumótun getur verið sett fram í stjórnunar- og verndaráætlun, deiliskipulagi eða í einstökum ákvörðunum svæðisráða og stjórnar þjóðgarðsins.



c. Stjórnunar- og verndaráætlun

Við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulsþjóðgarðs er gerð grein fyrir markmiðum verndar á einstökum svæðum innan þjóðgarðsins, einstökum verndaraðgerðum, landnýtingu, mannvirkjagerð, samgöngum og öðrum innviðum á svæðinu. Þar er jafnframt fjallað um umferðarrétt almennings, aðgengi að svæðinu og not þess, sjá 12. gr. laga um Vatnajökulsþjóðgarð. Svæðisráð og stjórn þjóðgarðsins vinna stjórnunar- og verndaráætlun í samráði við hagsmunaaðila og er hún staðfest af umhverfis- og auðlindaráðherra.

Ákvæði í stjórnunar- og verndaráætlun eru grundvöllur fyrir þeim skilyrðum sem sett eru í samningum um atvinnutengda starfsemi í þjóðgarðinum og ákvörðunum um hvort takmarka eigi umfang eða fjölda rekstraraðila á tilteknu svæði.


Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs má nálgast [hér](#).

d. Atvinnustefna

Í atvinnustefnu Vatnajökulsþjóðgarðs eru mótuð almenn skilyrði fyrir því að aðilar megi stunda atvinnu innan þjóðgarðsins og inniheldur stefnan ákveðnar meginreglur sem hafðar skulu að leiðarljósi við meðferð umsókna og gerð samninga um atvinnutengda starfsemi í þjóðgarðinum.

Atvinnustefnu Vatnajökulsþjóðgarðs má nálgast [hér](#).


¹ T.d. gestastofur, upplýsingastöðvar, landvörslustöðvar, gestaskjól, áningastaðir fyrir daggesti, tjaldsvæði, skálar, upplýsinga- og fræðsluskilti


Nr.: VLR-049	02 Verklagsregla	
Útgáfa: 0.35		
Dags.:		
Höfundur: Ingibjörg Smáradóttir	VLR-049 Samningar um atvinnutengda starfsemi_DRÖG	
Ábyrgðaraðili: Magnús Guðmundsson		
Síða 3 af 10		

3. Málsmæðferð að frumkvæði Vatnajökulsþjóðgarðs

Vatnajökulsþjóðgarður getur að eigin frumkvæði auglýst eftir umsækjendum um atvinnutengda starfsemi enda hafi Vatnajökulsþjóðgarður áður ákveðið að heimila beri starfsemina í þjóðgarðinum. Um slíkar auglýsingar gilda ákvæði 7.3. kafla. Um umsóknargögn og meðferð umsókna gilda ákvæði 5. og 6. kafla eftir því sem við á.

4. Framkvæmd – myndræn framsetning



Nr.: VLR-049	02 Verklagsregla	
Útgáfa: 0.35		
Dags.:		
Höfundur: Ingibjörg Smáradóttir	VLR-049 Samningar um atvinnutengda starfsemi_DRÖG	
Ábyrgðaraðili: Magnús Guðmundsson		
Síða 4 af 10		

5. Umsókn og umsóknargögn

Sá sem óskar eftir samningi vegna atvinnutengdrar starfsemi skal fylla út rafræna umsókn sem er aðgengileg á vef Vatnajökulsþjóðgarðs vjp.is undir „mínar síður“ ásamt nauðsynlegum gögnum þar sem fram kemur lýsing á þeirri starfsemi sem óskað er eftir að gera samning um, þ.m.t. upplýsingum um:

- Fyrirkomulag starfsemi.
- Staðsetningu og stærð svæðis.
- Áætlaðan fjölda gesta og starfsmanna.
- Fyrirhugaða aðstöðu og tækjabúnað
- Afrit af öryggisáætlunum vegna starfseminnar samanber lög um Ferðamálastofu og afrit af leyfi Ferðamálastofu.
- Ef gerð er krafa um að umsækjandi hafi vottun frá Vakanum, sérhönnuðu gæða- og umhverfiskerfi fyrir íslenska ferðapjónustu, skal afrit af vottunarskírteini fylgja umsókn.
- Gögn um mengunarvarnir og umhverfismál samkvæmt nánari leiðbeiningum á umsóknarvef. Vatnajökulsþjóðgarði er heimilt að taka mið af alþjóðlegum viðurkenndum gæðavottunum í ferðapjónustu eftir því sem nánar er ákveðið í auglýsingu, útboðsgögnum eða í leiðbeiningum á umsóknarvef.

Umsækjendur geta kynnt sér nánar upplýsingar um gæðaviðmið og önnur gögn Vakans [hér](#). Þá geta umsækjendur einnig nálgast ýmsar upplýsingar um öryggisáætlanir o.fl. á vef [Ferðamálastofu](#).


Vatnajökulsþjóðgarður getur gert kröfu um að umsækjandi sé þátttakandi í Vakanum og skal það þá almennt koma fram í auglýsingu, útboðsgögnum eða í leiðbeiningum á umsóknarvef. Ákvörðun um slíkt skal byggja á verndarsjónarmiðum sem tilgreind eru í stjórnunar- og verndaráætlun, t.d. ef um er að ræða sérstaklega viðkvæmt svæði, eða öryggissjónarmiðum, ef umrædd starfsemi telst áhættusöm (hættuflokkar II og III samkvæmt leiðbeiningum Vakans um öryggisáætlanir í ferðapjónustu).

Starfsfólk Vatnajökulsþjóðgarðs leiðbeinir umsækjanda um hvaða gögn skulu fylgja umsókn og getur ávallt óskað eftir að lagðar verði fram frekari upplýsingar og skýringar varðandi framkvæmd og fyrirkomulag.

Í atvinnustefnu Vatnajökulsþjóðgarðs er sett fram sú stefna að umsóknir um samninga feli í sér öflun upplýsinga m.a. um tegund og umfang starfsemi, hvar hún fari fram, starfsstöðvar þjónustuaðilans og tengiliði auk mats á mögulegum áhrifum starfseminnar á umhverfið og aðra gesti. Ósk um upplýsingagjöf umsækjanda getur komið til vegna þessarar gagnasöfnunar.

6. Frummat umsóknar

Umsækjandi fær senda staðfestingu á móttöku umsóknar um leið og hún hefur borist þjóðgarðinum. Þjóðgarðsvörður eða ábyrgðaraðili umsókna á viðkomandi svæði ber ábyrgð á meðferð málsins og afgreiðslu umsóknar.

Nr.: VLR-049	02 Verklagsregla	
Útgáfa: 0.35		
Dags.:		
Höfundur: Ingibjörg Smáradóttir	VLR-049 Samningar um atvinnutengda starfsemi_DRÖG	
Ábyrgðaraðili: Magnús Guðmundsson		
Síða 5 af 10		

Telji þjóðgarðsvörður að upplýsingar vanti hefur hann samband við umsækjanda eins fljótt og unnt er og óskar eftir frekari gögnum og upplýsingum. Samskipti við umsækjanda fara fram í gegnum umsóknarvef (mínar síður). Ef gögn berast ekki innan þess frests sem gefinn er fær umsækjandi bréf um lok málsins.

Við mat á umsóknum skal Vatnajökulsþjóðgarður líta til þess hvort starfsemi af því tagi sem sótt er um uppfyllir verndarmarkmið þjóðgarðsins, atvinnustefnu og stjórnunar- og verndaráætlun, hvort starfsemin sé æskileg sem hluti af þjónustuframboði innan þjóðgarðsins og sé til þess fallin að bæta upplifun gesta af því sem þjóðgarðurinn hefur upp á að bjóða. Þá skal litið til þess hvort öryggisáætlunum rekstraraðila eru fullnægjandi miðað við eðli starfseminnar.

Matsnefnd umsókna annast frummat umsókna innan Vatnajökulsþjóðgarðs með þátttöku viðkomandi þjóðgarðsvarðar.

Telji matsnefnd umsókna að loknu frummati á umsókn að umrædd tegund starfsemi eigi rétt á sér innan þjóðgarðsins skal taka til skoðunar hvort unnt sé að veita fleiri aðilum sambærilega heimild, án þess að gengið sé gegn markmiðum um vernd tiltekinna svæða eða þjóðgarðsins alls samkvæmt stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs og án þess að upplifun gesta skerðist eða öryggi sé ógnað.


Matsnefnd umsókna leggur mat á hvort þörf er á takmörkun á umfangi/fjölda. Ef ekki liggur fyrir ákvörðun um slíkt á viðkomandi svæði í stjórnunar- og verndaráætlun eða annarri samþykkt stjórnar skal álit matsnefndar lagt fyrir viðkomandi svæðisráð og stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs áður en ákvörðun er tekin. Dæmi um ástæður slíkrar takmörkunar geta verið:

- Verndarmarkmið þjóðgarðsins og ástand viðkomandi svæðis.
- Upplifun gesta.
- Öryggi gesta.
- Starfsemin krefst fastrar aðstöðu innan þjóðgarðsins.

Sé niðurstaða mats sú að líklegt sé að á gildistíma samnings þurfi að takmarka fjölda þeirra sem sinna sambærilegri starfsemi skal um meðferð umsókna fara samkvæmt 7.2. og 7.3. kafla en að öðrum kosti gilda ákvæði 7.1. kafla.

Ef mat á umsókn leiðir til þess álits þjóðgarðsvarðar og matsnefndar að hafna eigi umsókn er umsækjanda sent andmælubríf þar sem honum er gefinn kostur á að koma að athugasemdum og frekari gögnum. Leiði svör umsækjanda ekki til breytinga á áliti þjóðgarðsvarðar eða ábyrgðaraðila umsókna er umsækjanda sent annað bréf þar sem umsókn er synjað.

Vatnajökulsþjóðgarður skal svara umsóknum eins fljótt og kostur er og ekki síðar en fjórum vikum eftir að umsókn berst. Ef mál er umfangsmikið og fyrirsjáanlegt að afgreiðsla umsókna taki lengri tíma skal umsækjanda tilkynnt um það og um áætlaðan afgreiðslutíma. Telji þjóðgarðurinn að starfsemi sú sem óskað er eftir að reka þurfi að auglýsa eða bjóða út, sbr. 7.2. og 7.3. kafli, skal umsækjanda tilkynnt það innan sama tímabrests.

Nr.: VLR-049	02 Verklagsregla	
Útgáfa: 0.35		
Dags.:		
Höfundur: Ingibjörg Smáradóttir	VLR-049 Samningar um atvinnutengda starfsemi_DRÖG	
Ábyrgðaraðili: Magnús Guðmundsson		
Síða 6 af 10		

7. Framhaldsmeðferð umsóknar

a. Ekki þörf á takmörkun umfangs/fjölda

Ef Vatnajökulsþjóðgarður telur ekki þörf á takmörkunum á umfangi starfsemi eða fjölda rekstraraðila á tilteknu svæði getur þjóðgarðurinn gert samning við umsækjanda, einn eða fleiri, án auglýsingar eða útboðs, uppfylli hann og starfsemi hans skilyrði laga og reglugerða, atvinnustefnu og stjórnunar- og verndaráætlunar þjóðgarðsins. Um efni samnings gildir 8. kafli.

b. Þörf á takmörkun á umfangi/fjölda

Ef niðurstaða mats skv. 6. kafla er að þörf sé á að takmarka fjölda þeirra gesta sem komast að hverju sinni eða fjölda þeirra aðila sem reka sambærilega atvinnutengda starfsemi á viðkomandi svæði, skal Vatnajökulsþjóðgarður annaðhvort auglýsa með opinberum hætti, t.d. í dagblaði, eftir umsækjendum sem óska eftir að reka slíka starfsemi innan þjóðgarðsins eða bjóða út starfsemina í opinberu útboði, sbr. 7.3. kafla.

c. Framkvæmd auglýsinga og útboðs

Pegar auglýst er eftir umsóknum vegna starfsemi eða hún boðin út í opinberu útboði, skal í útboðsgögnum eða fylgigögnum með auglýsingu meðal annars kveðið á um eftirfarandi atriði:

- Lýsing á starfsemi sem um ræðir.
- Skilyrði, þ.m.t. fjárhagsleg og/eða tæknileg, sem tilvonandi samningsaðili þarf að uppfylla.
- Hvernig valið verður úr tilboðum eða umsóknum sem berast.
- Gildistíma samningsins og hvernig umfang starfseminnar verður takmarkað.


Heimilt er í auglýsingu eða útboði að kveða á um að samið verði við einn aðila eða fleiri, t.d. með úthlutun tiltekinna tíma eða tímabila á deginum til að reka starfsemina.

Vatnajökulsþjóðgarði er heimilt að áskilja sér rétt til að vísa frá öllum umsóknum eða hafna öllum tilboðum sem berast uppfylli þau ekki skilyrði sem sett eru fyrir umsóknum eða tilboðum, s.s. ef fullnægjandi gögn fylgja ekki umsókn eða tilboði, og skal slíkt tekið fram í auglýsingu eða útboðsgögnum.

Stjórn skal taka því gilda tilboði sem er hagkvæmast á grundvelli þeirra valforsendna sem fram koma í fylgigögnum með auglýsingu eða útboðsgögnum.

Pegar velja þarf milli rekstraraðila skal gætt fyllstu hlutlægni en jafnframt leitast við að gæta að fjölbreytni í hópi samningsaðilanna og þeirri þjónustu sem í boði er. Við val er tekið tillit til jákvæðra áhrifa sem starfsemi getur haft á byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni þjóðgarðsins en samningsaðilum ekki mismunað á grunni heimilisfestu.

Pegar tekin hefur verið ákvörðun um við hvern eða hverja verður gerður samningur skal tilkynna öðrum umsækjendum eða bjóðendum um þá ákvörðun.

Nr.: VLR-049	02 Verklagsregla	
Útgáfa: 0.35		
Dags.:		
Höfundur: Ingibjörg Smáradóttir	VLR-049 Samningar um atvinnutengda starfsemi_DRÖG	
Ábyrgðaraðili: Magnús Guðmundsson		
Síða 7 af 10		

Við auglýsingu og útboð skal Vatnajökulsþjóðgarður leggja áherslu á gagnsæi, hlutlægni, jafnræði og hagkvæmni og þá skal gætt að samkeppnissjónarmiðum eftir því sem við getur átt.

8. Gerð samninga og samningsákvæði

a. Einföld málsmeðferð

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs setur viðmið um tegundir atvinnutengdrar starfsemi sem telst umfangslítill og þarfnast almennt séð ekki takmarkana og birtir á vefsíðu sinni. Sjá einnig í viðauka verklagsreglu þessarar.

Í slíkum tilvikum þarf umsækjandi einungis að fylla út einfalda umsókn á mínum síðum á vefsíðu þjóðgarðsins. Þar má jafnframt finna samningsskilmála, reglur og skilyrði fyrir umrædda starfsemi sem umsækjandi skal samþykkja í umsóknarferlinu.

b. Aðrir samningar


Framkvæmdastjóri gerir samninga við rekstraraðila í umboði stjórnar, eftir atvikum á grundvelli fylgigagna með auglýsingu eða útboðsgagna, og að uppfylltum þeim skilyrðum sem stjórn hefur mótað í atvinnustefnu eða stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.

Samningar sem gerðir eru á grundvelli þessarar verklagsreglu skulu m.a. kveða á um eftirfarandi atriði:

- Gildistíma.
- Endurgjald.
- Umgengnisreglur.
- Sérstök skilyrði fyrir starfseminni.
- Öryggismál.
- Uppsagnarákvæði.
- Vanefndaúrræði.
- Aðrar skyldur samningsaðila.
- Skilyrði sem starfseminni eru sett, m.a. í samræmi við ákvæði stjórnunar- og verndaráætlunar, atvinnustefnu og verklagsreglur þjóðgarðsins.

Miða skal við að gildistími samninga sé ekki lengri en nauðsynlegt er talið miðað við eðli og umfang starfseminnar sem leyfi er veitt fyrir.

Í samningum við rekstraraðila innan þjóðgarðs skal mælt fyrir um að rekstraraðili skuli fjarlægja öll mannvirki og ummerki vegna starfseminnar við samningslok. Hafi samningur falið í sér sérstaka heimild til að koma upp varanlegri aðstöðu innan þjóðgarðsins skal mælt fyrir um það hvernig með hana skuli fara við lok samningstíma. Heimilt er í samningi að mæla fyrir um kauprétt eða forkaupsrétt ríkisins að varanlegri aðstöðu innan þjóðgarðsins sem reist er á grundvelli heimildar til að stunda atvinnurekstur, enda hætti rekstraraðili starfsemi eða samningur er ekki endurnýjaður.

Nr.: VLR-049	02 Verklagsregla	
Útgáfa: 0.35		
Dags.:		
Höfundur: Ingibjörg Smáradóttir	VLR-049 Samningar um atvinnutengda starfsemi_DRÖG	
Ábyrgðaraðili: Magnús Guðmundsson		
Síða 8 af 10		

Í samningum við rekstraraðila skal mæla fyrir um heimild Vatnajökulsþjóðgarðs til breytinga á einstaka samningsákvæðum eða uppsagnar samnings í heild vegna breyttra aðstæðna, s.s. vegna verndarmarkmiða, öryggissjónarmiða eða breytinga á stjórnunar- og verndaráætlun og atvinnustefnu.

Í sumum tilvikum er tekið gjald fyrir samningagerð samkvæmt því sem nánar greinir í ákvæðum reglugerðar um gestagjöld innan Vatnajökulsþjóðgarðs fyrir veitta þjónustu og aðgang að svæðinu nr. 420/2019. Allar fyrirhugaðar breytingar á gjaldskrá eru kynntar hagsmunaaðilum með góðum fyrirvara.

Undirritaðir samningar eru birtir á vef Vatnajökulsþjóðgarðs.

9. Skyldur rekstraraðila og eftirlit með framkvæmdum

Rekstraraðili skal kynna sér og virða ákvæði laga og reglugerðar um Vatnajökulsþjóðgarð og ákvæði stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir þjóðgarðinn við starfsemi sína sem og aðra löggjöf sem um starfsemina gildir. Rekstraraðili, starfsfólk hans og gestir á hans vegum skulu ganga vel um náttúru þjóðgarðsins og menningarminjar og sýna ýtrustu varúð og tillitssemi svo að náttúru, menningarminjum og mannvirkjum þjóðgarðsins verði ekki spilt, sbr. 1. mgr. 9. gr. reglugerðar um Vatnajökulsþjóðgarð. Þá skulu rekstraraðilar tryggja að fyllsta öryggis sé ávallt gætt í starfseminni og að henni sé hagað í samræmi við ákvæði öryggisáætlunar.


Vatnajökulsþjóðgarður hefur með höndum eftirlit með þeim aðilum sem reka atvinnutengda starfsemi innan þjóðgarðsins. Þjóðgarðsvörður getur krafist nauðsynlegra upplýsinga vegna eftirlitsins og ber aðilum að fylgja fyrirmælum hans.

Hlíta ber fyrirmælum þjóðgarðsvarða og annarra starfsmanna þjóðgarðsins um umgengni og háttsemi í þjóðgarðinum, sbr. 2. mgr. 9. gr. reglugerðar um Vatnajökulsþjóðgarð.

Heimilt er þjóðgarðsverði að loka þjóðgarðinum eða einstökum svæðum hans fyrirvaralaust ef hann telur að dvöl manna eða umferð geti spilt lífríki, jarðmyndunum, landslagi eða menningarminjum eða ef hættuástand skapast í þjóðgarðinum vegna náttúruvár.

Þjóðgarðsverði er heimilt að vísa úr þjóðgarðinum hverjum þeim sem brýtur ákvæði laga um Vatnajökulsþjóðgarð eða reglugerðar þjóðgarðsins. Brot gegn lögnum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Þjóðgarðsvörður og annað starfsfólk þjóðgarðsins í umboði hans hafa eftirlit með því að rekstraraðili virði skilyrði samningsins og ákvæði laga og reglugerðar um Vatnajökulsþjóðgarð. Rekstraraðila ber að veita þjóðgarðsverði allar þær upplýsingar og gögn sem hann telur þörf á til að rækja eftirlitshlutverk sitt.

Nr.: VLR-049	02 Verklagsregla	
Útgáfa: 0.35		
Dags.:		
Höfundur: Ingibjörg Smáradóttir	VLR-049 Samningar um atvinnutengda starfsemi_DRÖG	
Ábyrgðaraðili: Magnús Guðmundsson		
Síða 9 af 10		


10. Tilvísanir

- Lög um Vatnajökulsþjóðgarð, nr. 60/2007.
- Reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarð, nr. 300/2020.
- Reglugerð um gestagjöld innan Vatnajökulsþjóðgarðs fyrir veitta þjónustu og aðgang að svæðinu, nr. 420/2019.
- Náttúruverndarlög, nr. 60/2013.
- Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.
- Lög um Ferðamálastofu, nr. 96/2008.
- Stjórnsýslulög, nr. 37/1993.
- Upplýsingalög, nr. 140/2012.
- Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.
- Atvinnustefna Vatnajökulsþjóðgarðs, dags. 24. júní 2019.
- Vakinn <https://www.vakinn.is/>
- [Öryggisáætlanir](#) í ferðþjónustu.
- Almenn gæðaviðmið.
- [Sértæk gæðaviðmið](#)

Viðauki

1. Atvinnustarfsemi innan Vatnajökulsþjóðgarðs þar sem gera þarf samning

- Skipulagðar ferðir / afþreying innan marka þjóðgarðs á vegum fyrirtækis eða einstaklings gegn gjaldi. Dæmi:
 - Jöklagöngur.
 - Íshellaferðir.
 - Ferðir á vélknúnum ökutækjum (snjósleðar, Buggy-bílar, mótórhjól, jeppar ofl.).
 - Göngu- og skíðaferðir (með leiðsögn og gegn gjaldi).
 - Náttúruskoðun, hellaskoðun ofl.
 - Hestaferðir (með leiðsögn og gegn gjaldi).
 - Siglingar (kajakar, hjólabátar, slöngubátar).
 - Reiðhjólaferðir (með leiðsögn og gegn gjaldi).
 - Þyrluflug.
 - Ofi.
- Atvinnustarfsemi með aðstöðu innan þjóðgarðs. Dæmi um afnot/aðstöðu:
 - Hús og skálar.
 - Lóð.
 - Bílastæði.
 - Vinnusvæði og aðstaða (ruslagámar, rafmagn, gámar/kerrur fyrir búnað, aðstöðubílar).
 - Færanlegir vagnar (veitingar, sölubásar).
 - Aðstaða vegna siglingastarfsemi.

Nr.: VLR-049	02 Verklagsregla	
Útgáfa: 0.35		
Dags.:		
Höfundur: Ingibjörg Smáradóttir	VLR-049 Samningar um atvinnutengda starfsemi_DRÖG	
Ábyrgðaraðili: Magnús Guðmundsson		
Síða 10 af 10		

- Tjöldun - langtímadvöl, tjaldstæði.
- Upplýsingamiðstöðvar, söfn og sýningar (ekki á vegum VPG).
- Ofi.
- Námskeiðshald í atvinnuskyni innan marka þjóðgarðsins.
- Áætlunarferðir til áfangastaða innan Vatnajökulsþjóðgarðs.

2. Umfangslítil starfsemi – einfaldara umsóknarferli

Dæmi um starfsemi sem fellur hér undir:

- Tilfallandi ferðir með leiðsögn gegn gjaldi (1-3 á ári – með litla hópa).

3. Starfsemi sem fellur utan samningskyldu

Ekki þarf að gera samning við Vatnajökulsþjóðgarð vegna eftirfarandi starfsemi²:

- Hefðbundin landnýting:
 - Búfjárbætt.
 - Fuglaveiðar.
 - Hreindýraveiðar.
 - Veiði í ám og vötnum.
 - Nýting reka.
 - Refaveiðar.
 - Minkaveiðar.
- Starfsemi tengd hefðbundinni landnýtingu:
 - Leiðsögumenn með hreindýraveiðum.
 - Aðrir veiðileiðsögumenn.
 - Starfsemi tengd búskap.
- Leyfisskyld starfsemi, sjá nánar:
 - VLR-046 Umsókn um lendingu loftfara og notkun fjarstýrðra loftfara.
 - VLR-047 Umsókn um rannsóknarleyfi.
 - VLR-048 Umsókn vegna skipulagðra viðburða, kvikmyndatöku, auglýsingagerðar o.þ.h.

² Það athugist að hugsanlegt er að sækja þurfi um leyfi vegna starfseminnar samkvæmt lögum um Ferðamálastofu nr. 96/2008. Þá gilda ákvæði ýmissa laga um nýtinguna, s.s. lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994 og reglugerðar sem settar eru samkvæmt þeim.